

Undirritaður tekur heilshugar undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024 dags. 3. maí 2019 þar sem fram kemur skýlaus krafa um að Alþingi dragi til baka áform ríkisstjórnarinnar um frystingu framlaga til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sveitarfélögin á landsbyggðinni eru vanfjármögnuð eins og fræðast mátti um með skýrum hætti hjá Sigurði Snævarr, sviðsstjóra hag og upplýsingasviðs sambandsins á fjármálaráðstefnu sambandsins á síðasta ári. Sveitarfélögin þau fá ekki sanngjarnan hluta af tekjum hins opinber og mikið hefur vantað upp á að eðlilegt fjármagn hafi fylgt með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga undanfarin ár. Íbúar landsbyggðarinnar búa nú þegar við ójafnt aðgengi að þjónustu og ótryggar og undirfjármagnaðar samgöngur. Það er því, fyrir utan þau ágætu rök sem fram koma í áðurnefndri umsögn sambandsins, algerlega óásættanlegt að láta sveitarfélög landsins bera kostnað af markmiðum ríkisstjórnarinnar um tekjuafgang.

Þór Steinarsson
Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður